

Skýrsla framkvæmdaráðs Rafstaðlaráðs starfsárið 2010-2011

Aðalfundur Rafstaðlaráðs fyrir árið 2009-2010 var haldin í boði Brunamálastofnunar, Skúlagötu 21, þann 31. mars 2011.

Þar kynnti Jóhann Ólafsson sviðsstjóri rafmagnsöryggissviðs starfsemina og flutninginn til Brunamálastofnunar

Þeir sem skipuðu framkvæmdaráð Rafstaðlaráðs á síðasta starfsári eru:

Trausti H. Ólafsson, Hitaveitu Suðurnesja, formaður.

Pétur Örn Magnússon, Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar hf. varaformaður.

Hersir Oddsson, Orkuveita Reykjavíkur meðstjórnandi.

Einar Pálmi Jóhannsson, Félag raftækjaheildsala, meðstjórnandi.

Einar. H. Reynis, Síminn, meðstjórnandi.

Á síðasta aðalfundi voru Trausta H. Ólafssonar frá HS orku, Einars H. Reynis frá Símanum og Hersis Oddssonar frá OR endurkjörnir til tveggja ára

Skoðunarmenn reikninga eru Sigurður Geirsson skólastjóri Rafiðnaðarskólans og Friðrik Alexandersson, Verkís.

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili þeirra Einars Pálma Jóhannssonar frá Félagi raftækjaheildsala og Péturs Arnar Magnússonar frá VJI.

Pétur Örn gefur kost á sér til áframhaldandi setu.

Yfirlit yfir störf framkvæmdaráðs

Á síðasta starfsári voru haldnir 10 bókaðir framkvæmdaráðsfundir, haustfundur og aðalfundur, að auki situr formaður í stjórn Staðlaráðs en þar voru haldnir 10 stjórnarfundir auk aðalfundar.

Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu verkefni Rafstaðlaráðs á liðnu ári.

- Hægt gengur að fjölga aðilum að Rafstaðlaráði, við misstum þó engan út en eflaust má kenna um samdrætti og sparnaði hjá fyrirtækjum og svo er spurning hvort við séu að markaðssetja okkur á réttan hátt. Aðildagjaldið sjálft ætti tæplega að vera hár þröskuldur því það er á bilinu 55 -110 þúsund eftir stærð fyrirtækja. Aðildagjöldin eru undirstaðan fyrir tilveru RST og því mikilvægt að styrkja þennan grunn.
- Lokið var við gerð handbókar um ÍST 200 sem Gunnar Ámundason þýddi og ritstýrði. Með honum störfuðu, í ritnefnd, þeir Kjartan Gíslason, Magnús Kristbergsson, Ásbjörn R. Jóhannesson og Ólafur Sigurðsson. Þeir Ásbjörn og Ólafur komu báðir frá SART. Eru þessum aðilum færðar þakkir fyrir gott og óeigingjarnt starf. Bókinni hefur verið vel tekið og fram hefur komið að hún sé þörf viðbót við staðalinn. Verið er að undirbúa aðra prentun bókarinnar en fyrstu 500 eintökin eru að verða uppseld.

- Haustfundur Rafstaðlaráðs var að þessu sinni haldinn að í fundarsal Bláa Lónsins í boði HS orku. Tvö mál voru tekin fyrir, fyrst kynnti Ásgeir Margeirsson sögu og starfsemi Magma hér á landi og erlendis, framtíðarsýn þeirra um rekstur gufuaflsvirkjana og næstu skref. Þar á eftir kynnti Hilmir Ingi Jónsson frá ReMake Electric framleiðslu þessa sprotafyrirtækis en þeir eru að markaðssetja búnað sem sýnir álag á sjálfvörum með LED díóðum. Búnaðurinn hefur sannað gildi sitt og þó að ennþá sé verið að vinna að mismunandi útgáfum þá er ljóst að hér er um merkilegt og þarft framtak. Nýjast búnaður inn er nettengjanlegur þannig að hægt er að fá fjarlestur og tengingar við hússtjórnarkerfi. Gerður var góður rómur að þessum kynningum og þótti fundurinn hafa tekist vel þó að hann hafi ekki verið fjölmennur.

Tækninefndir RST

Ein tækninefnd var að störfum á síðasta starfsári, NTC 11, sem er að endurskoða þjóðarviðauka Ísland fyrir háspennulínur. Starfið er tvíþætt þ.e. að endurskoða þjóðarviðauka núgildandi staðla fyrir línur á spennusviðinu 1-45 kV (ÍST EN 50423) og fyrir spennu hærrí en 45 kV (ÍST EN 50341), og svo að undirbúa þjóðarviðauka við nýjan staðal, sem er í smíðum í Evrópu, en þar á að sameina tvo fyrrnefnda staðla í einn. Um leið verður reynt að koma sem flestum sameiginlegu ákvæðum þjóðarviðauka aðildarlandanna inn í hinn nýja staðal þannig að sérákvæði hverrar þjóðar verði sem fæst.

Erlent samstarf

Hlutverk RST í rafstöðlun á alþjóðavettvangi er að fjalla um mál sem heyra undir CENELEC og alþjóðaraftækniráðið IEC.

Ritari RST, Sigurður Sigurðarson, sótti báða tækniráðsfundi CENELEC sem haldnir eru tvisvar á ári. Hann skilar sérstakri greinargerð til framkvæmdaráðs eftir hvern fund auk formlegrar fundargerðar. Ritari sat einnig aðalfund CENELEC 2010 ásamt framkvæmdastjóra Staðlaráðs og að auki sótti ritari aðalfund alþjóða rafstaðlaráðsins IEC. Af skýrslum og upplýsingum ritara af þessum fundum kemur fram að mest áberandi umræða hafi verið aukið rekstraröryggi í orkudreifingu, betri nýtni orku m.a. græn gagnaver, auk stöðlunar á sviði farsíma, rafbíla ofl.

Rafstaðlaráð mun áfram fylgjast með framþróun á þessu sviði en virkni takmarkast þó við það fjármagn sem fæst í slík verkefni.

Stefnumótun

Stefnumótun er ferill sem alltaf þarf að vera í endurskoðun. Aðilar Rafstaðlaráðs eru hvattir til að senda inn óskir og athugasemdir til að þjónusta ráðsins nýtist þeim sem best. Aðeins með endurskoðun og endurmati er hægt að tryggja að RST stefni í þá átt sem best kemur að gagni fyrir aðila ráðsins og því er endurgjöf aðila mikilvæg fyrir ráðið.

Kynningarmál

Áfram er unnið að kynningarmálum með beinum kynningum á fundum og fræðsluerindum, gefinn var út bæklingur til að vekja athygli á mikilvægi stöðlunar og unnið er að því að fá efni frá CENELEC sem nýttis til kynningar. Kostnaður við slíkar útgáfur er mikill og því nauðsynlegt að vanda til verka. Því hefur frekar verið leitast við að gefa út almenna bæklinga með þátttöku annar fagstaðlaráða og Staðlaráðs.

Lokaorð

Fyrirspurnum og spurningum til ráðsins hefur verið svarað af ritara ráðsins og vil ég þakka honum fyrir að halda vel utan um verkefni ráðsins.

Aðilarráðsins eru hvattir til að koma með ábendingar um bættu þjónustu við aðila sína Rafstaðlaráð mun þjónusta aðila sína áfram eftir bestu getu.

Reykjavík, 3. mars 2011

Trausti H. Ólafsson, formaður Rafstaðlaráðs.